



HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Aðgerðaráætlun með

Stefnu Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands.

EBÍ setur fram aðgerðaráætlun til þriggja ára í senn með árlegri endurskoðun í framhaldi af stefnumótun þar sem áhersla er lögð á mælanleg markmið og tímaáætlun um aðgerðir. Aðgerðaráætlunin byggir á stefnumörkun EBÍ sem sett er fram í því skyni að vinna markvisst að hagsbótum fyrir starfsemi EBÍ í anda heimsmarkmiðanna. Stefna EBÍ var samþykkt í stjórn EBÍ 26. nóvember 2021. Í aðgerðaráætluninni eru settar fram samtals 22 aðgerðir ólíkar og misjafnar að umfangi en allar eru þær raunhæfar, nauðsynlegar og skipta máli.

Stefnuáhersla 1; Fjármál – fjárfesting - Aðgerðir

A1.1 Stjórn EBÍ endurskoðar fjárfestingastefnu EBÍ árlega að undangenginni greiningu á stöðu og þróun á mörkuðum. Framkvæmdaráð EBÍ yfirfer stefnuna í samræði við fjárfestingaraðila og leggur tillögu fyrir stjórn í framhaldi af því. Tímalína framsetningar er sett fram í verkáætlun hvers árs.

Ábyrgð: Formaður stjórnar.

Tímarammi: Fyrir lok apríl ár hvert.

A1.2 Stjórn skilgreinir hlutfall hvers fjárfestingarflokks og setur efri og neðri vikmörk.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Fyrir lok apríl ár hvert.

A1.3 EBÍ hefur ákveðið að vera ekki virkur hluthafi í þeim félögum sem félagið á hlut í en fundar einu sinni á ári með hverjum og einum fjárvörsluaðila þar sem þeir eiga m.a. að gera grein fyrir hvernig þeir meta hvaða stefnu útgefandi verðbréfa hefur varðandi umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti (UFS).

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Árlega.

A1.4 EBÍ fær skýrslu árlega frá fjárvörsluaðilum varðandi hvaða stefnu útgefendur verðbréfa hafa varðandi umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti (UFS).

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Frá og með 2023.

A1.5 Stjórn fær kynningar frá framkvæmdastjóra á ávöxtun sjóðsins á stjórnarfundum

Ábyrgð: Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Tekið fyrir á hverjum stjórnarfundum.

A1.6 Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ felur stjórn félagsins að ákveða árlega upphæð ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBÍ. Ákvörðun stjórnar er byggð á eftirfarandi lykilmarkmiðum sem ákveðin eru af fulltrúaráði:

- Miða skal við meðalhækkun eiginfjár síðustu þriggja ára.
- Þó skal greiðslan vera að lágmarki 50 milljónir og að hámarki 250 milljónir.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Fyrir lok október ár hvert.

A1.7 Aðalfundur fulltrúaráðs EBÍ ákveður lykilmarkmið varðandi ákvörðun um árlega upphæð ágóðahlutagreiðslu.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Fjórða hvert ár á aðalfundi fulltrúaráðsins.

Stefnuáhersla 2; Forvarnir og fræðsla - Aðgerðir

A2.1 EBÍ styrkir árlega forvarnarverkefni í brunamálum sbr. samþykkt stjórnar um þátttöku í forvarnarverkefnum á vegum EBÍ frá 5. júní 2014. Stærstu verkefni sem EBÍ styður við árlega er aðild að Eldvarnabandalaginu, fræðsluverkefnið um Loga og Glóð í leikskólum landsins og eldvarnaátak Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Að auki hefur EBÍ komið að stærri samvinnuverkefnum, s.s. Brunaverðinum og Skjalfestingu öryggis.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Fyrir lok nóvember ár hvert.

A2.2 Stjórn ákveður árlega upphæð sem heimilt er að verja til Styrktarsjóðs EBÍ. Upphæð skal endurskoðuð á þriggja ára fresti og ákvarða hvort/hvaða málefni eru sett í forgang við úthlutun úr sjóðnum. Þar skal m.a. horft til nýsköpunar og umhverfismála.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Sjá aðgerð.

A2.3 Helstu ákvarðanir er varða starfsemi EBÍ innan hvers árs s.s. ársreikningur, endurskoðuð fjárfestingastefna, úthlutun úr Styrktarsjóði og ákvörðun um ágóðahlut til aðildarsveitarfélaganna skulu uppfærðar á heimasíðu EBÍ eins fljótt og niðurstaða liggur fyrir.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Sjá aðgerð.

Stefnuáhersla 3; Ábyrg stjórnun - Aðgerðir

A3.1 Stjórn setji sér og starfsemi EBÍ siðareglur. Sjá tillögu frá Markaðsstofu.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Fyrir lok ágúst 2023.

A3.2 Við kjör nýrrar stjórnar skal hún yfirfara starfsreglur stjórnar EBÍ.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ.

Tímarammi: Á fjögurra ára fresti innan við þrjá mánuði eftir kosningu nýrrar stjórnar.

A3.3 EBÍ vinnur eftir skýrum verklagsreglum varðandi einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustað. Aðilar skulu tilkynna slíkt til framkvæmdastjóra eða formanns stjórnar EBÍ. Sjá tillögu Markaðsstofu. Útbúa þarf slíkar verklagsreglur og ferla.

Ábyrgð: Stjórn EBÍ og framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Fyrir lok ágúst 2023.

A3.4 Starfsfólki býðst árlega styrkur til heilsuefningar að fjárhæð kr. 40.000.-

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Á fjögurra ára fresti frá og með 2022.

A3.5 Áhersla er lögð á að starfsfólk geti vaxið í starfi og afluð sér þekkingar sem stuðlar að starfsánægju. Á hverju ári stendur starfsfólki til boða að sækja slík námskeið að lágmarki skv. þeirra stéttarfélagsglum. Gera skal ráð fyrir fjármagni til endurmenntunar í fjárhagsáætlun hvers árs. Sé námskeiðskostnaður umfram áætlun skal sækja um hækkun til stjórnar.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Árlega frá og með 2023.

A3.6 Þegar bifreið í eigu EBÍ er skipt út skal kaupa vistvæna bifreið.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Þegar endurnýjun bifreiðar er þörf.

A3.7 Árlega skal tekin saman notkun/innkaup á pappír og stefnt að pappírslausum vinnustað.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Staðan tekin árið 2022 og markmið sett í framhaldi af því.

A3.8 Gerum skýrar flokkunarleiðbeiningar fyrir sorp og setjum upp flokkunarílát.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Í byrjun árs 2023.

A3.9 Drögum úr innkaupum og aukum hlut umhverfismerkra vara og þjónustu.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Staðan tekin árið 2022 og markmið sett í framhaldi af því.

Stefnuáhersla 4; Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna - aðgerðir

A4.1 Árlega skal stjórn fara yfir þau heimsmarkmið sem EBÍ hefur valið að vinna eftir og árangur metinn.

Ábyrgð: Stjórn.

Tímarammi: Fyrir lok nóvember ár hvert frá og með 2022.

A4.2 EBÍ mun gerast aðili að Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Frá og með árinu 2022.

A4.3 EBÍ kemur því á framfæri opinberlega að félagið vinnur í anda heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Ábyrgð: Framkvæmdastjóri.

Tímarammi: Frá og með árinu 2022

Húsavík 20. maí 2022

Í stjórn EBÍ.